

14. janúar 1985

81

Nr. 35

REGLUGERÐ

um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 20. janúar 1985, uns annað verður ákvæðið, eru línu- og togveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a. 65° 04'N — 24°27'V
- b. 65° 07'N — 24°42'V
- c. 65° 19'N — 24°36'V
- d. 65° 08'N — 24°03'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.